

Laxar Fiskeldi ehf.
bt. Jens Garðar Helgason
Hlíðasmára 4
201 Kópavogur

Reykjavík, 9. júlí 2021
UST202101-140/H.S.J.
08.12.02

Efni: Brottnám fóðurprammans Munins, Gripalda Reyðarfirði

Umhverfisstofnun vísar í erindi Laxar fiskeldis ehf. sem barst með tölvupósti dags. 2. júlí sl. og varðar frestun á lyftingu fóðurprammans Munins af hafsbotni, en hann sökk í óveðri í janúar sl. Dísilólía sem var um borð í prammanum hefur verið fjarlægð en fóðrið sem var til staðar í prammanum þegar hann sökk er enn um borð.

Á fundi með hafnaryfirvöldum og rekstraraðila í eftirliti stofnunarinnar dags. 25. maí sl. var farið yfir stöðuna eins og hún var þegar eftirlitið fór fram. Í kjölfar eftirlits sendi rekstraraðili vöktunarskýrslu Náttúrustofu Austurlands þar sem fjallað var um niðurstöður sýna sem tekin voru tekin af botni og úr sjó í kringum pramman, svo hægt væri að hafa samanburðargildi ef losa þyrfti fóður úr prammanum áður en honum verður lyft.

9. júní sl. var haldinn fjarfundur með fulltrúum rekstraraðila, hafnaryfirvalda, Umhverfisstofnunar, köfunarþjónustunnar og tryggingafélags rekstraraðila þar sem farið var yfir aðgerðaráætlun til að lyfta prammanum upp. Rætt var hvað þyrfti að hafa í huga m.t.t. mengunarvarna og tímasetninga og óskaði Umhverfisstofnun eftir því að rekstraraðili sendi inn upplýsingar sem allra fyrst um þær áætlanir og tímasetningar sem þættu fýsilegastar með rökum fyrir vali þeirra.

Í áðurnefndum tölvupósti dags. 2. júlí sl. færði rekstraraðili rök fyrir því að fresta lyftingu prammans þangað til núverandi eldislotu er lokið á Gripalda, haustið 2022.

Helstu ástæður fyrir ákvörðuninni eru skv. rekstraraðila eftirfarandi:

- Áhættan er metin of mikil að lyfta prammanum fyrr í ljósi þess að ankerislínur fyrir „ramma“ eldisstöðvarnar eru nálægt. Ef eitthvað fer úrskeiðis í lyftingu prammans gæti hann lent á ankerislínu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
- Dæla þarf fóðri úr tveimur til fjórum fóðursílóum til að létta pramman og telur rekstraraðili að það sé ekki ásættanlegt að vera með eldisfisk í kvíum svo nálægt þegar sú aðgerð á sér stað.

Af ofangreindum ástæðum telur rekstraraðili að til að tryggja velferð eldisfisksins á Gripalda og minnka áhættu á tjóni á „ramma“ og kvíum að rétt sé að bíða með lyftingu prammans þar til eldissvæðið hefur verið tæmt af fiski.

Umhverfisstofnun fellst á framangreind rök rekstraraðila og leggst ekki gegn því að fóðurprammanum verði ekki lyft af hafsbotni fyrr en eldisfiskur hefur verið

fjarlægður af eldissvæðinu haust 2022. Stofnunin fer fram á staðfestingu á því að fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun haldi gildi sínu þrátt fyrir frestun aðgerða. Stofnunin fer einnig fram á að allar uppfærslur á aðgerðaráætlun verði sendar stofnuninni þegar þær liggja fyrir. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nákvæma tímasetningu framkvæmdar óskar stofnunin eftir því að þær upplýsingar verði sendar eftirlitsaðila. Verði prammanum ekki lyft að slátrun lokinni haustið 2022 krefst Umhverfisstofnun þess, með vísun í gr. 4.1 í starfsleyfi er snýr að starfsháttum, að eldissvæðið verði hvílt þar til brottnámi prammans er lokið.

Virðingarfyllst,

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Ólafur Arnar Jónsson
sviðsstjóri

Afrit: Fjarðabyggðarhafnir, TM tryggingar hf.